

:: :: Vanti yður bifreið, þá gjörið svo vel að hringja í síma 716 eða 880. :: ::

í Iðnó í fyrrakvöld. Höfðu þeir er fundinn sóttu flestir kynst þessum stefnum eitthvað fyrir tilstilli Vetts og voru þarna ræður fluttar og loks kosin nefnd til þess að halda áfram að útbreiða stefnuna hér.

Þessir voru kosnir:

Hallbjörn Halldórsson, prentari.
Ingimar Jónsson, cand. theol.
Sigurður Guðmundsson, mag.

Tilkynning

frá sendiherra Dana.

Landsþingiskosningin.

Ennþá er kjörmannakosningunum til landsþingsins eigi lokið, en samkvæmt Socialdemokraten hafa

Socialistar unnið 1 sæti

Vintrimenn — 4 —

Íhaldsmenn — 1 —

en Radikalar tapað 6 sætum.

Berlingske Tidende kemst að þeirri niðurstöðu, að

Vintrimenn hafi unnið 3 sæti

Íhaldsmenn — — 2 —

Iðnrekendafi. — — 1 —

en Radikalar tapað 6 sætum.

Samkv. Berl. Tid. munu því í landsþinginu verða

29 Vintrimenn

19 Socialistar

15 Íhaldsmenn

7 Radikalar

1 Iðnrekendafi.

1 (?)

Landsþingið samanstendur, svo sem kunnugt er, af 54 þingmönnum, sem kosnir eru af kjörmönnum og 18 þingm. úr hina fráfaraandi landsþingi. Af þessum 18 þingm. er estir sátu eru 7 Vintrimenn, 4 Socialistar, 4 Íhaldsmenn og 3 Radikalar.

Meðal þeirra landsþingismanna sem ekki voru endurkosnir er Edvard Brandes fyrverandi fjármálaráðherra.

Öll blöðin viðurkenna að kosningaúrslitin séu töluverður sigur fyrir núverandi stjórnarflokk.

Um daginn og veginn.

Nýja Bio. Þar eru nú sýndar tvær mjög fróðlegar og skemti- legar myndir. Önnur sýnir hvernig farið er að veiða leóparda lifandi, og hin afar fagrar og merki- legar landslagsmyndir frá Portúgal og Frakklandi. Vel teknar landslags- og þjóðlífsmyndir eru mjög fræðandi, og viljum vér ráðleggja mönnum að sjá þessar ágætu myndir. Þar að auki er sýnd skop- mynd og leikur hinn alkunni Fatty aðahlutverkið.

13 hús samþykki bæjarstjórnin í gær að leyfa að reisa hér í bæ. Flest eru þetta smáhýsi, og munu lítið bæta úr húsnæðiseklunni.

Walpole kom í gær úr Eng- landsför hlaðinn kolum. Seldi afl- ann fyrir um 1500 pund sterling.

Pórólfur kom einnig frá Eng- landi hlaðinn kolum. Hefir legið um mánaðartíma þar, til þess að fá yfirhitun á vélina.

Ellen, skonnorta, kom í gær með ýmsar vörur.

Island fór héðan kl. 2 í gær til Hafnarfjarðar og kaupmanna- hafnar. Farþegar voru margir, þar á meðal: Jón Jacobson lands- bókavörður, Sighvatur Bjarnason bankastj. og kona hans, Franz Siemsen og kona hans, V. O. Bernhöft bakari, stúdentarnir Jón Grínsson, Óskar Nordmann og Halldór Halldórsson, Ottó Jørgen- sen, Ingimar Jónsson íþróttamaður, Pétur Jónsson söngvari, Magnús bakari Guðmundsson og heitmey hans, Bernburg, Vett forstjóri og dóttir hans o. m. fl.

Yucca fór í fyrrinótt beina leið til New-York.

Sterling fór í gærkvöldi til Vestmanneyja og Leith. Meðal farþega: Ben. G. Waage og Ólafur Sveinsson á Ólympíuleikana, Helgi Pétursson gjaldkeri og Bald- vin Einarsson í sumarfrí til Skot- lands og ýmsir fleiri.

Reiðhjól.

Mjög gott karlmansreiðhjól til sölu með góðu verði. Til sýnis á afgr. Alþbl.

Barnakerru með skýli vil eg kaupa.

Guðrún Ólafsdóttir,
Bergþórugötu 16.

Nýr frakki á 4 ára gaml- an dreng til sölu og sýnis á af- greiðslu blaðsins.

Skipstrand. Stöðgis í gær strandaði stórt seglskip, sem er með kol til Landsverzlunarinnar, á Selsskeri. Var Geir kvaddur því til hjálpar, dróg það af skerinu með lítilli fyrirhöfn og kom með það hingað inn. Ekki höfum vér heyrt hvort skipið hefir skaddast, en þykir ólíklegt að svo sé. Þetta er í annað sinn sem skip siglir upp á þetta sker um há- bjartan dag. Við skulum gera ráð fyrir að sjómerki, t. d. bjölludufl, verði sett á skerið þegar þriðja skipið hefir farist þar með allri áhöfn. En óneitanlega væri hyggi- legra að afstýra slíku slysi í tíma. Við sjáum hvað setur.

Veðrið í morgun.

Vestm.eyjar . . . N, hiti 8,9.

Reykjavík . . . VNV, hiti 8,6.

Ísafjörður . . . SV, hiti 10,6.

Akureyri . . . logn, hiti 8,0.

Grímsstaðir . . . logn, hiti 8,0.

Seyðisfjörður . . . logn, hiti 6,7.

Þórsh., Færejar N, hiti 8,0.

Stóru stafirnir merkja áttina.

Loftvægislægð fyrir suðaustan Færejar; loftvog stöðug eða hægt stífgandi; stílt veður. Útlit fyrir hæga norðvestlæga átt.

Einni miljón stolið.

Banco Sconto bankinn í Róma- borg sendi sendimann sinn ný- verið á annan stað í borginni með 1 miljón líra (720 þús. kr.). Sendimaður fór spöl þennan í sporvagni, en í vagninum leið yfir hann, en einhver ráðsnjall náungi losaði hann við miljónina.